



Apríl 2026

Úttekt

Sóltún hjúkrunarheimili

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, skal landlæknir hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma.

Embætti landlæknis setti fram [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu frá 2019 - 2030](#), sem heilbrigðisráðherra staðfesti í desember 2018. Embættið hefur áætlunina til hliðsjónar við úttektir sínar á heilbrigðisþjónustu en gert er ráð fyrir að áætlunin verði innleidd í áföngum.

Útgefandi

Embætti landlæknis
Katrínartún 2
105 Reykjavík
S. 510 1900

mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

© 2026 Embætti landlæknis

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án þess að geta heimildar.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
AÐFERÐ	4
STEFNA, STJÓRNUN OG ÞJÓNUSTA	4
INTERRAI MAT	5
<i>Þjálfun starfsfólks</i>	5
<i>Framkvæmd mats</i>	5
LYFJAFERLI	5
MAT EMBÆTTIS LANDLÆKNIS	6
ÁBENDINGAR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS:	7
TILMÆLI EMBÆTTIS LANDLÆKNIS:	7

Inngangur

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, ber embætti landlæknis að fylgjast með gæðum og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að umbótum. Liður í slíku eftirliti eru úttektir á heilbrigðisstofnunum og við þær hefur embættið m.a. til hliðsjónar [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu frá 2019 - 2030](#), sbr. 11. gr. laga um landlækni og lýðheilsu. Í eftirlitsstarfi sínu hefur embættið að leiðarljósi að árangursríkasta leiðin til að bæta gæði og öryggi heilbrigðisþjónustu er að efla samstarf og samráð við stjórnendur og starfsfólk heilbrigðisstofnana.

Í þessari skýrslu er almennt ekki fjallað um það sem var skoðað en leiddi ekki til ábendinga eða tilmæla. Úttektarskýrslan er birt á heimasíðu embættis landlæknis og send heilbrigðisráðuneyti. Embættið þakkar stjórnendum Sóltúns góða samvinnu við úttektina.

Aðferð

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, skal landlæknir hafa reglubundið eftirlit með því að heilbrigðisþjónusta sem veitt er hér á landi uppfylli faglegar kröfur og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma. Tilefni úttektarinnar var reglulegt hefðbundið eftirlit embættis landlæknis. Einnig var um að ræða samstarf milli Sjúkratrygginga og embættis landlæknis varðandi úttekt á gæðum interRAI skráningar líkt og kveðið er á um í 1. mgr. 45 gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008. Um er að ræða úttekt þar sem skoðaðir eru valdir þættir í þjónustunni. Meginmarkmið úttektarinnar var að skoða annars vegar verklag varðandi interRAI skráningu, þjálfun og eftirlit og hins vegar verklag varðandi lyfjaferlið og aðstöðu sem tengist lyfjum.

Fulltrúar embættis landlæknis fóru í vettvangsheimsókn í Sóltún, fyrst þann 10. desember 2025 og svo 7. janúar 2026. Í þeim heimsóknnum var haldinn fundur með stjórnendum heimilisins. Í fyrri heimsókninni var skráning interRAI mats hjá heimilinu skoðuð í samvinnu við fulltrúa frá Sjúkratryggingum. Í seinni heimsókninni voru einungis fulltrúar embættis landlæknis. Þá var haldinn fundur með stjórnendum, lyfjagerbergi skoðað og annað er tengist lyfjaferli. Í úttektinni var stuðst við lög og reglugerðir og ýmis opinber gögn. Einnig voru skoðuð fyrirliggjandi gögn hjá embætti landlæknis.

Stefna, stjórnun og þjónusta

Stofnanir í heilbrigðisþjónustu eiga að setja sér stefnu og innleiða hana á markvissan hátt til þess að skapa ramma um þjónustuna í samræmi við það sem fram kemur í Heilbrigðisstefnu – stefnu fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030.

Hjúkrunarheimilið Sóltún hóf starfsemi í janúar 2002 og var hið fyrsta á landinu sem fór í einkaframkvæmd. Hjúkrunarheimilið er hluti af Sóltúni heilbrigðisþjónustu en undir merkjum þess er einnig rekið hjúkrunarheimilið Sóltún Sólvangi, Sóltún Heilsusetur sem er endurhæfingarúrræði og heimaþjónustan Sóltún Heima.

Á [heimasíðu Sóltúns](#) kemur fram að hlutverk Sóltúns heilbrigðisþjónustu sé að auka velsæld með fjölbreyttri heilbrigðisþjónustu þar sem áhersla er á aukin lífsgæði og stuðning í daglegu lífi eldra fólks. Hugmyndafræði Sóltúns byggir á umhyggju fyrir einstaklingnum þar sem sjálfræði hans er virt í allri umönnun. Leiðarljós Sóltúns eru umhyggja, virðing og velsæld. Heimilisandi og virðing fyrir einkalífi hvers íbúa er ráðandi um leið og vellíðan og öryggi eru í fyrirrúmi. Samkvæmt stjórnendum er áhersla á sjálfræði og þátttöku íbúa sem og aðstandenda þeirra.

Á hjúkrunarheimilinu Sóltúni eru 92 íbúar. Hafnar eru framkvæmdir við stækkun heimilisins um 67 rými og áætlað er að þeim framkvæmdum ljúki á árinu 2027. Frekari upplýsingar er að finna á [heimasíðu Sóltúns](#).

InterRAI mat

Heildrænt hjúkrunarheimilismat interRAI MDS 2.0 mat er alþjóðlegt mælitæki til að meta heilsufar, færni og hjúkrunarþarfir einstaklinga sem búa á öldrunarstofnunum. Mælitækið býður upp á kerfisbundna og nákvæma skráningu heilsufarsupplýsinga, mat á gæðum, leiðbeiningar við meðferð og greiningu á kostnaði.

interRAI-mat hefur um árabil verið framkvæmt á öldrunarstofnunum á Íslandi og hafa rekstrardaggjöld til þeirra meðal annars að hluta til byggt á hjúkrunarþyngdarstuðli samkvæmt interRAI-mati. Hægt er að nýta niðurstöður matsins m.a. til þess að fá yfirlit yfir gæði hjúkrunar á stofnuninni og greina þörf fyrir umbætur.

Þjálfun starfsfólks

Allir sem framkvæma interRAI-mat þurfa að kynna sér fræðsluefni og netnámskeið sem er á [vefsíðu embættis landlæknis](#) eða sækja annað námskeið sem byggir á sömu gögnum til fræðslu. Námskeiðið er til að tryggja að allir framkvæmi matið á sama hátt og til að samanburður á milli stofnana, þjónustueininga og landshluta verði áreiðanlegur. Námskeiðið er tvíþætt. Annars vegar eru kennslumyndbönd og gögn sem þátttakendur kynna sér og hins vegar æfingar eða þátttaka í vinnusmiðju.

Fræðsla um interRAI mat og framkvæmd þess á Sóltúni fer fram þegar hjúkrunarfræðingur hefur störf á hjúkrunarheimilinu og lagt er mat á þekkingu og reynslu viðkomandi á interRAI mati. Notast er við fræðslu sem gæðastjóri Sóltúns hefur útbúið og vísað í leiðbeiningar á heimasíðu embætti landlæknis. Eftir það er hjúkrunarfræðingum leiðbeint eftir þörfum og fræðsla er tiltæk á rafrænu formi. Samkvæmt stjórnendum fer fram reglubundin upprifjun á framkvæmd InterRAI mats þrisvar sinnum á ári samhliða því að farið er yfir niðurstöður gæðavísa. Ekki er stuðst við fræðsluefni sem er á vefsíðu embættis landlæknis við þá upprifjun.

Framkvæmd mats

Við athugun á fyrirkomulagi interRAI skráningar á hjúkrunarheimilinu kom fram að hjúkrunarfræðingar bera ábyrgð á framkvæmd matsins og sinna skráningunni á hverri deild fyrir sig með þátttöku annarra heilbrigðisstarfsmanna t.d. sjúkrahjálfa, iðjupjálfa og lækna. Fyrirkomulag skráningar interRAI matsins hefur verið þannig að haldin er sérstök „RAI vika“ þar sem allir hjúkrunarfræðingar framkvæma matið samtímis. Þetta hefur þó skapað töluvert álag samkvæmt stjórnendum og stendur til að breyta því og dreifa vinnunni betur yfir tímabilið.

Ábyrgð á því að interRAI skráning sé framkvæmd rétt er hjá gæðastjóra Sóltúns, sem hefur formlegt eftirlit með gæðum skráningar. Gæðastjóri fer yfir niðurstöður og rýnir hvort skráning sé rétt ef gæðavísar gefa tilefni til endurmats. Við rýni gæðastjóra hefur komið í ljós að í einhverjum tilfellum hefur skráning reynst vera ekki rétt en þá hefur ástæðan oft verið að skráningu frá fyrra tímabili er ekki breytt. Sumir kaflar matsins eru þá ekki opnaðir við gerð matsins og fyrri skráning getur staðið áfram þótt hún eigi ekki lengur við t.d. legusár sem er gróið. Stjórnendur bentu á að það sé mikil vinna við gerð upphafsmat og að þeirra mati sé ekki raunhæft annað en að afrita matið á undan þegar nýtt tímabil byrjar. Þetta er atriði sem hefur verið tekið til skoðunar. Ef frávik koma upp er greint hvað hefur valdið þeim og hjúkrunarfræðingar fá leiðbeiningar um nauðsynlegar lagfæringar á verklagi til að koma í veg fyrir að sambærileg mistök endurtaki sig.

[Mælaborð](#) embættis landlæknis sýnir að við síðustu skil á gæðavísu þann 29. febrúar 2026 voru niðurstöður interRAI gæðavísa á Sóltúni að mestu innan viðmiðunarmarka þau þrjú matstímabil sem þá voru birt, fyrir utan vökvaskort sem var yfir viðmiðunarmörkum síðustu þrjú tímabili.

Lyfjaferli

Í [reglugerð 241/2004](#) er kveðið á um val, geymslu og meðferð lyfja á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum og Lyfjastofnun hefur einnig gefið út [leiðbeiningar um umsýslu lyfja á heilbrigðisstofnunum](#). Við athugun á gæðaskjölum um lyfjaferli á Sóltúni kom í ljós að verklag við lyfjagjöf og lyfjaskráningu er skýrt skilgreint og skráð í gæðahandbók. Einnig er til staðar ferli fyrir lyfjapantanir og birgðahald, sem tryggir að lyf séu ávallt tiltæk og að meðferð íbúa sé samfelld en Sóltún er með samning við Lyfjaver varðandi þessa þætti.

Lyfjaherbergi og önnur lyfjageymsla eru aðgangsstýrð, þannig að eingöngu vaktstjórar hafa aðgang að þeim svæðum. Á lyfjahólfum fyrir lyfjarúllur eru myndir, nafn og kennitala íbúa, sem stuðlar að öryggi og minnkar líkur á mistökum. Á lyfjavagni eru einnig myndir og nöfn á lyfjabökkum. Þegar tveir íbúar bera sama nafn er notaður áherslupenni til að strika yfir nafnið á öðrum stað eða auðkenna sérstaklega til að tryggja rétta auðkenningu og koma í veg fyrir villur.

Í gæðaskjali Sóltúns um lyfjatiltekt og lyfjagjöf kemur fram:

Lyfjagjafir skulu ávallt vera skv. fyrirmælum læknis í e-Med. Ef gera þarf lyfjabreytingar þegar læknir hefur ekki viðveru, skal það gert í samráði við hann og setja breytingar strax í e-Med. Viðkomandi læknir skal svo yfirfara breytingar og staðfesta í e-Med.

Hjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á að taka til lyf og afhenda heimilisfólki. Í undantekningartilvikum getur yfirlæknir heimilað öðrum starfsmanni en hjúkrunarfræðingi aðgang að lyfjageymslu þannig að viðkomandi geti tekið til lyf og gefið.

Ekki eru haldnir sérstakir atvikafundir með starfsfólki þar sem lyfjatengd atvik eru tekin fyrir.

Mat embættis landlæknis

Að mati embættis landlæknis er virkt eftirlit hjá Sóltúni með skráningu interRAI mats og niðurstöður þess eru nýttar til umbóta. Í úttektinni kom þó fram að styrkja þarf kennslu til hjúkrunarfræðinga um interRAI mat og framkvæmd þess, bæði við upphaf starfs og sem liður í endurmenntun. Þrátt fyrir fræðsluefni, sem er tiltækt á vegum Sóltúns, liggur ekki fyrir formlegt ferli um reglubundna endurmenntun starfsmanna eða kerfisbundna endurnýjun þekkingar þeirra sem sinna skráningunni. Einnig var ljóst að ekki er tryggt að fræðsluefni embættis landlæknis t.d. kennslumyndbönd, leiðbeiningabók og æfingasögur, sé nýtt eins og ætlast er til samkvæmt leiðbeiningum en fram kemur á heimasíðu embættisins að það sé grunnskilyrði áður en hjúkrunarfræðingur framkvæmir fyrsta mat.

Úttektin leiddi í ljós að upphafsmat er ekki ávallt framkvæmt innan þess tímamarks sem fræðsluefni og leiðbeiningar embættisins gera ráð fyrir, en þar er mælt með að fyrsta mat fari fram innan 14 daga frá innritun. Fram kom að fyrirkomulag þar sem interRAI-mat allra íbúa er unnið innan þröngs tímaramma, svokallaðrar *RAI-viku*, hafi skapað álag og er ekki talið stuðla að góðri framkvæmd matsins og tekur embættið undir með stjórnendum að mikilvægt er að breyta því fyrirkomulagi.

Jafnframt kom fram að leiðbeiningabók interRAI er ekki nýtt stöðugt samhliða matsvinnu, sem getur haft áhrif á nákvæmni og áreiðanleika skráningar en skýrt er tekið fram á vefsíðu embættisins að ávallt skuli nota leiðbeiningabókin við gerð matsins. Gæðaskjöl heimilisins sem tengjast interRAI eru ekki dagsett og ekki er tilgreint hver ber ábyrgð á þeim né hvenær þau skulu endurskoðuð. Skortur á uppfærðum, rekjanlegum og ábyrgðarsettum gæðaskjöllum getur haft áhrif á gæði þjónustu og skráningar.

Lyfjaferli á Sóltúni er skráð og aðgengilegt í gæðahandbók og aðgangsstýring er á lyfjaherbergi. Á lyfjahólfum fyrir lyfjarúllur eru myndir, nöfn og kennitölur íbúa sem stuðlar að öryggi við lyfjagjöf. Á lyfjavagni eru einnig skýrar auðkenningar. Aðgreint er sérstaklega þegar íbúar bera sama nafn, sem er jákvætt og dregur úr hættu á atvikum við lyfjagjafir. Verklag um úrvinnslu lyfjaatvika er hins vegar ófullnægjandi. Ekki eru haldnir reglubundnir fundir um lyfjaatvik og starfsmenn fá ekki með stöðluðum hætti upplýsingar um niðurstöður eða umbætur sem gerðar eru í kjölfar úrvinnslu atvika.

Embætti landlæknis hvetur stjórnendur og starfsfólk til að halda áfram að vinna markvisst að gæðastarfi, beina umbótastarfi þangað sem þörf er á og nýta [Áætlun um gæðapróun í heilbrigðisþjónustu 2019-2030](#) til að efla gæði og öryggi þjónustunnar. Embættið hvetur einnig yfirstjórn til þess að tryggja að umbætur sem verða á einu heimili yfirfærast einnig á önnur heimili innan fyrirtækisins, eftir því sem við á.

Ábendingar embættis landlæknis:

1. Hafa þarf í huga við gerð gæðaskjala að þau séu sett upp með stöðluðum hætti t.d. með tilgreindan ábyrgðarmann, dagsetningu síðustu endurskoðunar, gildistíma og vísað sé í heimildir þegar við á.
2. Skráning atvika og úrvinnsla þeirra sé kynnt fyrir starfsfólki með það að leiðarljósi að auka meðvitund um umbætur sem þarf að vinna að. Úrvinnsla þarf að vera markviss sem og eftirfylgni þannig að umbætur eigi sér stað.
3. Bæta þarf ferli varðandi viðhald á þekkingu og þjálfun starfsmanna sem sinna interRAI skráningu.

Tilmæli embættis landlæknis:

1. Tryggja þarf að upphafsmat samkvæmt interRAI sé framkvæmt innan þess tímamarks sem leiðbeiningar embættisins gera ráð fyrir (14 dagar).
2. Tryggja þarf að leiðbeiningabók interRAI mats sé nýtt í fullnægjandi mæli við framkvæmd matsins.
3. Tryggja þarf að allir hjúkrunarfræðingar sem sinna interRAI skráningu fá kennslu við upphaf starfs og að notast sé við það kennsluefni sem aðgengilegt er á vefsíðu embættisins.

Embætti landlæknis mun fylgja eftir framangreindum tilmælum og ábendingum. Óskað er eftir úrbótaáætlun frá Sóltúni hjúkrunarheimili eigi síðar en 15. maí 2026 og framgangsskýrslu 15. september 2026.